*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 131/447
*komudagur* 6.12.2004

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 3. desember 2004
*Tilvísun: Fvr 2004120007 IKM*

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum (eldri námur).**

Fornleifavernd ríkisins hefur móttekið bréf umhverfisnefndar Alþingis frá 16. nóv. s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum (eldri námur).

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við texta umrædds frumvarps. Stofnuninni þykir þó rétt að vekja athygil á því að efnistaka úr námum getur raskað fornleifum líkt og náttúruminjum. Af þeim sökum er nauðsynlegt að úttekt sé gerð á fornleifum í nágrenni efnistökustaða hvort sem um er að ræða eldri námur eða nýjar námur. Fornleifaverndin vill beina því til nefndarinnar til umhugsunar hvort lagaákvæði um úttekt á fornleifum í tengslum við efnistöku eigi heima í lögum um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður